

Mál nr. 413/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns bifhjóls.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 23.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 17.12.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 19.3.2009 ók M bifhjóli sínu á ljósastaur við Kaplahraun í Hafnarfirði. Við slysið hlaut M nokkur líkamsmeiðsl, svo sem heilahristing, ristar- og handarbrot og tognun á hálsi. Samkvæmt skýrslu lögreglu mun hjálmur M hafa brotnað við slysið. Þá kveður M að fatnaður sem hann var í, jakki, buxur, hanskar og skór, hafi einnig eyðilagst.

Bifhjólið var váttryggt lögboðnum ökutækjatryggingum hjá váttryggingafélaginu X, þ. á m. slysatryggingu ökumanns. M hefur krafist bóta fyrir fatatjónið og hjálminn úr slysatryggingunni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu vegna þessara muna.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1998 um breyting á þeim, skal hver ökumaður sem stjórnar skráningarskyldu vélknúnu ökutæki vera tryggður sérstakri slysatryggingu sem tryggir bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaðurinn verður fyrir við stjórn ökutækisins. Með dómi Hæstaréttar frá 13. júní 2002 í máli nr. 19/2002 var leyst úr álitaefni um að hve miklu leyti munatjón, þ. á m. fatatjón, skyldi bætt úr slysatryggingunni. Segir í dóminum svo, orðrétt: “Ökumannstrygging samkvæmt 92. gr. umferðarlaga er slysatrygging og tekur ekki til tjóns á munum nema það tengist með beinum hætti líkamstjóni eigandans. Með hliðsjón af þessu er eðlilegt að tryggingin taki til fata sem áfrýjandi var í þegar slys varð og skemmdust við það....., en ekki til þeirra smáhluta sem hann segir að hafi verið í bifreiðinni og skemmst.”

Þegar litið er til þessarar niðurstöðu Hæstaréttar verður ekki hjá því komist að telja að sá fatnaður sem M var í og skemmdist við slysið skuli bættast úr slysatryggingunni. Í þessu sambandi getur ekki skipti máli þótt fatnaðurinn hafi verið sérstakur hlífðarfatnaður sem nota skal á bifhjóli, sbr. 1. mgr. 72. gr. ufl. með síðari breytingum, auk þess sem hann nýtist til að skýla líkamanum fyrir veðri og vindum. Sama máli gegnir um hjálm þann er M bar á höfðinu í umrætt sinn. Þótt hann hafi verið úr öðru efni en höfuðföt almennt eru gegndi hann sama hlutverki og annar fatnaður sem M klæddist er hann lenti í slysinu.

Með þeim breytingum sem gerðar voru á ákvæðum 92. gr. ufl. með lögum nr. 32/1998 urðu engar breytingar á bótasviði váttryggingarinnar hvað varðar bætur fyrir fatatjón eins og hér um ræðir.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að X fékk í hendur þann fatnað sem M kveður að hafi eyðilagst í slysinu. X ber það ekki fyrir sig að synja beri M um bætur sökum þess að fatnaðurinn hafi í reynd ekki eyðilagst í slysinu. Verður því að miða við að fatnaður sá sem M kveður að hafi eyðilagst í slysinu, þ. á m. hjálmur, skuli bættast úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Fatatjón, þ. á m. vegna skemmda á hjálmi, bætist úr slysatryggingu ökumanns hjá X.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.